



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. P 128/626
komudagur 11.12.2002


Hr. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Laugavegi 116
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2002

Varðar: Athugasemdir við frumvarp heilbrigðisráðherra um nýjan lyfjagagnagrunn.

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er meðmælt álitum persónuverndar að Tryggingastofnun ríkisins fái ekki upplýsingar um alla lyfjanotkun landsmanna. Friðhelgi einkalífsins mælir gegn slíkri aðgerð. Tryggingastofnun ríkisins nægir að fá upplýsingar um þau lyf er stofnunin greiðir að hluta til. Aftur á móti telur stjórn félagsins að landlækni sé heimilt að fá upplýsingar um sölu ávanabindandi lyfja eins og lög gera ráð fyrir, ennfremur annara lyfja vegna rannsóknarverkefna og eftirlits.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni


Ólafur Ólafsson formaður

Sams konar bréf fá:
Landlæknir
Heilbrigðisnefnd Alþingis
Persónuvernd
Tryggingastofnun ríkisins
Læknafélag Íslands